

## Gleðilegt sumar kæru foreldrar / forráðamenn nemenda á námskeiðum barna- og unglíngadeildar Myndlistaskólans í Reykjavík

Á þessum síðustu tímum hefur reynst nauðsynlegt að vera stöðugt að meta stöðuna og endurskoða fyrri ákvarðanir. Þegar ljóst var með hvaða hætti létt yrði á samkomuhöftum eygðum við leið til að ná lengra með námskeiðin og eftir nokkra yfirlegu og samtöl við kennara er ætlunin að hefja kennslu strax eftir næstu helgi eða mánudaginn 4. maí. Við náum fjórum vikum í maí og sum námskeið munu ná inn í fyrstu viku júní. Örfáir kennarar eru komnir til annarra starfa en í þeirra stað fáum við aðra úr okkar góða kennarahópi til að kenna þessa síðustu tíma.

Ekki eru gerðar kröfur um tveggja metra fjarlægð milli nemenda á grunnskólaaldri en við munum samt leggja áherslu á að bornin virði persónulegt rými hvers annars og áfram munu allar kennslustundir hefjast á handþvotti eins og gert var síðustu tímana áður en skólanum var lokað. Allur umgangur um stofuna og skól ann þarf að vera í lágmarki og nemendur geta ekki borðað nesti frammi í matsal eins og þau eru vön. Þau þurfa því að koma vel nærð í tímana en vatnsflöskur verða leyfðar í stofunni. Öll áhöld verða hreinsuð eftir hverja notkun og borð, stólar, vaskar og aðrir helstu snertifletir verða sótthreinsaðir á milli hópa. Best væri ef börnin hefðu tök á að fara heim með sem mest af sínum verkefnum um leið og þeim er lokið en þó tökum við fullt tillit til þeirra sem t.d. ferðast með strætó eða ganga sjálf um langan veg heim.

Þið sem eigið yngstu börnin eigið von á pósti frá deildarstjóra þar sem nánar er kveðið á um útfærslu á því hvernig þið komið með börnin og hvernig þið sækjið þau til okkar. Foreldrar stálpaðri barna sem skutla og sækja eru vinsamlega beðnir um að senda þau ein inn og bíða þeirra úti í bíl.

Það er okkur mjög mikið gleðiefni að geta tekið upp þráðinn þar sem frá var horfið fyrir hálfum öðrum mánuði. Með þessu móti tekst að ljúka önninni en þeir tímar sem fella þurfti niður vegan veðurs verða þó ekki bættir. Fyrri tilboð um afslátt á sumarnámskeiðum og næstu haustönn falla niður enda var þeim ætlað að vera sárabót fyrir það fjárhagstjón sem við gerðum ráð fyrir að þið yrðuð fyrir.

Við hlökkum mikið til þess að fá börnin ykkar í húsið á ný.

*Áslaug Thorlacius*

*skólameistari / headmaster*

*Myndlistaskólinn í Reykjavík / Reykjavík School of Visual Arts*